



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
B.t. Annas Jóns Sigmundssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 04.12.2017  
Tilvísun 1709072/10.1

### Sérstök skilyrði Fjarðabyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðiárið 2017/2018

Með vísan til 2. greinar reglugerðar nr. 604/2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2017/2018 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í Fjarðabyggð.

#### Ákvæði 1. gr. b og c-lið verði breytt þannig:

Bæjaryfirvöldum finnst að rétt sé að miða við dagsetningu samþykktar bæjarráðs á sérreglum í b og c-lið 1. greinar reglugerðar nr. 604/2017.

- ✓ Að í b-lið verði dagsetningunni breytt úr „1. júlí 2017“ í 4. desember 2017“.
- ✓ Að c-lið verði breytt þannig að í staðinn fyrir „byggðarlagi 1. júlí 2017“ verði notað „sveitarfélagi 4. desember 2017“.

#### Eftirfarandi nánari (viðbótar) skilyrði verði sett í 4. gr. reglugerðarinnar:

Til að gefa fleirum kost á því að fá úthlutað byggðakvóta telja bæjaryfirvöld rétt að taka 37% kvótans og skipta honum jafnt milli umsækjenda, en 63% verði skipt skv. ákvæðum reglnanna frá ráðuneytinu,

Að fyrstu málsgrein 4. greinar verði breytt með eftirfarandi hætti:

- ✓ Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *37% byggðakvóta í Fjarðabyggð verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar. 63% byggðakvótans í Fjarðabyggð verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1 gr. reglugerðarinnar* og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.



Að öðru leiti verði greinin óbreytt frá reglum ráðuneytisins.

**Gerðar verði eftirfarandi breytingar á 6. grein reglugerðarinnar:**

Bæjaryfirvöld telja mikilvægt að byggðakvótinn nýtist til sem mestrar verðmætasköpunar í sveitarfélaginu. Þar sem ekki liggur fyrir að fiskvinnslu verði til að dreifa á Stöðvarfirði er lagt til að skilyrði verði rýmkuð. Heimilað verði að vinna aflann annars staðar innan sveitarfélagsins ef ekki er unnt að vinna hann í þeim byggðarlögum sem byggðakvótanum var úthlutað til.

Einnig leggur bæjarráð áherslu á að veitt verði undanþága þar sem vikið verði frá skilyrðum reglugerðar nr. 641/2016 um tvöföldunn aflamagns

- ✓ Í stað „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlags.....“ komi „Fiskiskipum er skylt að landa innan viðkomandi byggðarlags þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins .....o.s.frv..“.
- ✓ Kröfunni um tvöföldunn aflamagns verði sleppt.

Með ofangreindum sérreglum telja bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð að byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2017/2018 nýtist í samræmi við þau markmið sem stefnt er að með lögum og reglugerðum.

Bæjarstjórn óskar eftir að fá reglurnar í endanlegri mynd til yfirferðar áður en þær verða auglýstar.

  
F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar  
Páll Björgvin Guðmundsson  
bæjarstjóri